

28.04.97. PARFIR LANGVEIKRA BARNA OG AÐSTANDENDA

Fjárhagslegar	Félagslegar	Sálfélagslegar	Almannatryggingar	Heilbr.þjónusta	Menntun
<p>Margir lenda í fjárhags-erfiðleikum! Ástæðan líklega sú að launþegi á aðeins rétt á 7 launuðum frídögum á ári til að annast sjúk börn sín.</p>	<p>Félagsmálaráðuneytið lítur ekki á sjúk börn sem sína skjólstæðinga en vísar á heilbrigðisráðuneytið í því sambandi. Ekki er hlustað á kröfu um sambærilegan stuðning og fjölsk. fatlaðra barna njóta eins og t.d. leiksk.dvöl (forg.röðun) á vegum sveitarfélaga með tilheyrandi stuðningi, þjónustu leikfangasafna, stuðningsfjölskyldum, skammtímavistun, sumaravöl og stóast en ekki sist framkvæmdasjóði. Beiðni um að forsvarsmenn foreldrahópa sjúkra barna fái að koma að endurskoðun laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga hefur verið hafnað til þessa.</p>	<p>Hvorki sálfræðingur né félagsráðgjafi er ráðinn við barna-deildir sjúkrahúsa á Íslandi. Upplýsingamiðlun og sálfræðisleg þjónusta er í samræmi við það. Þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa utan sjúkrahúsa verða einstaklingar að greiða sjálfir. Ljóst er að margir hafa ekki efni á slíkri þjónustu þrátt fyrir mikla þörf.</p>	<p>Þjónusta TR hefur batnað í kjölfar ráðningar félagsráðgjafa og barnalæknis og vinnu samráðsnefndar með fulltrúum frá foreldrafélögum. Margar tillögur um mikilvægar úrbætur eiga þó eftir að fá umfjöllun hjá TR og heilbr.ráðun.inu og því ekki enn ljóst hversu mikið verður komið til móts við þarfir viðkomandi fjölskyldna.</p>	<p>Bygging barna- og unglingspítala ekki enn komin af stað. Engin aðstaða fyrir unglinga. Börn eru víða lögð inn á fullorðinsdeildir. Heilbrigðisþjónustan hér á landi talin mjög góð læknisfræðilega miðað við nágrannaþjóðir okkar.</p>	<p>Ekki minnst á sjúka nemendur í lögum um grunnskóla og framh.skóla. Reglugerðir komnar með grunnsk.lögunum en eru sumar meingallaðar. Reglugerðir virðast ekki hafa komið með framh.sk.lögunum hvað varðar sjúka nemendur. Enginn réttur á sjúkrakennslu t.d. Vitað um 2 nemendur með krabbamein sem hættu námi á þessu skólaári!</p>

Bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum					
Skv. erlendum gögnum og niðurstöðu nefndar á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem kannaði réttindi langsjúkra barna og skilaði álit í mars 1995.					
Nefndin á rætur að rekja til þingsályktunar um réttarstöðu barna með krabbamein og annarra sjúkra barna sem samþ. var á Alþingi 7. maí 1993.					
	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Island
Veikindadagar foreldra. Sjúkrabætur. Launauppbót	90% laun í 120 daga á ári fyrir hvert barn, 0-16 ára.	Allt að 780 dagar (100% laun í 260 d. og síðan 65% laun í 520 d.) fyrir hvert barn, 0-16 ára, + 10,2% orlof af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári.	Endurgreiðsla nauðsynlegrs kostnaðarauka vegna umönnunar barna 0-18 ára. Greidd er launauppbót (90% laun) annars fore. á meðan meðferð stendur yfir. Launauppbót má greiða í 3 mán. eftir að forsendur bresta. Sérstök uppbót til atvinnulaustra. Orlofsstyrkur.	Greidd eru 66% af launum í 60-90 daga, lengur ef nauðsyn krefur t.d. v/ barna með krabbamein. Heimilt að greiða báðum foreldrum ef nauðsyn krefur.	Útvinnandi foreldri á rétt á 7 veikindadögum að hámarki pr. ár til að sinna sjúkum börnum sínum án tillits til fjölda þeirra og alvarleika sjúkdómsins.